

REGLUGERÐ**um innflutning o. fl.****137**

26. sept.

Samkvæmt bráðabirgðalögum dags. 8. marz s. l., um gjaldeyrisleyfi, innflutning o. fl., er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Til þess að flytja til landsins eftirtaldar vörur þarf leyfi gjaldeyrisnefndar.

I. flokkur:

Kjöt og kjötmeti allskonar, smjör, ostar og aðrar mjólkurafurðir, mjólkurduft, dýrafeiti og jurtafeiti allskonar, jurtaolíur allskonar, egg, eggjahvítur og eggjarauður (þurregg), kartöflur, kartöflumjöl, haframjöl, grænmeti allskonar, þar með talinn laukur, blóm lifandi og þurrkuð, gerfíblóm, blóm-laukar, fiskur og fiskmeti allskonar, soya, matarsósur.

II. flokkur:

Húsgögn allskonar og húsgagnahlutir, húsalistar, hurðir, gluggar, glugga-tjalda- og dyratjaldastengur, myndarammar, rammalistar, blikk- og stáltunnur, smjörlíki, kaffibætir, kertí, sápur og sápuvörur allskonar, þvottaduft, skó-áburður, gólfáburður, húsgagnaáburður, fægiefni allskonar, brauð, þar með talið hart brauð, kringlur, tvíbökur, kex og kökur allskonar, ger gerduft, eggjaduft, búðingsduft, niðursuðuvörur allskonar, ávaxtamauk, súkkulaði allskonar, sælgætisvörur allskonar, öl, gosdrykkir, ölkelduvatn, óáfeng vín, ávaxta-safi, essensar, vinsteinn (cremortartari), saft, allskonar vörur úr skinni, leðri og gerfileðri, leður og skinn allskonar.

III. flokkur:

Ávextir allskonar, þar með taldir garðávextir, ber og hnetur, kaffirætur (sikoria), humall, kakaobaunir og hýði, kakaoduft, kakaodeig, kakaomalt, kryddvörur allskonar, allskonar deig (massar) til sælgætisgerðar.

IV. flokkur:

Gimsteinar allskonar, skrautmunir og áhöld úr gulli, silfri, nýsilfri, pletti, eir og nikkell, úr og klukkur, hljóðfæri allskonar, grammófónplötur, sjónaukar, ljósmyndavélar, ljósmyndafilmur, speglar, skotvopn, jólatré, jólatrés-skraut, flugeldar og sérstök efni til þeirra, veggmyndir, bréfspjöld, spil, dagatöl, fiður, dúnn, hár og vörur úr hári og horni, ilmvoðn, hárvöðn, snyrtivörur allskonar, krystalvörur, barnaleikföng allskonar, legsteinar.

V. flokkur:

Skófatnaður allskonar úr hvaða efni sem er.

137 VI. flokkur:

26. sept. Vefnaðarvörur og þrjónavörur allskonar og fatnaður úr allskonar efni, þar með talinn vinnufatnaður, oliufatnaður og sjóklæði, hanzkar og höfuðfatnaður allskonar, regnhlífur, sólhlífur, kniplingar, ennfremur allskonar garn, tvinni, hnappar, tölur og hverskonar smávörur viðkomandi fatnaði.

VII. flokkur:

Bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, gufuvélar, mótórvélar allskonar, iðnaðar- og vinnuvélar allskonar, þar með taldar skrifstofuvélar. Bifreiðahlutir, bifreiðadekk og slöngur, bifhjólahlutir, reiðhjólahlutir, vélahlutir allskonar, vagnar, sleðar, barnavagnar, skip og bátar.

VIII. flokkur:

Timbur og trjáviður allskonar, cement, járn allskonar, vatnsleiðslupípur og allt tilheyrandi slíkum lögnum, miðstöðvartæki og allt tilheyrandi þeim, eldavélar og allskonar tæki til hitunar og suðu, vatnssalerni, vaskar og þvottaskálar, rafmagnsvélar og rafmagnsvörur allskonar og allt efni til raflagna, linoleum gólfdukar, húsapappi allskonar, naglar, stifti, skrúfur, rær, máln-ingarvörur allskonar, fernis, lím, veggfóður, veggplötur, einangrunarefni, þakhellur, kalk, gips, múrsteinn, eldfastur leir og steinn.

IX. flokkur:

Leirvörur, glervörur, þar með talið rúðugler, postulínsvörur, búsáhöld og verkfæri úr hvaða efni sem er, hitaflöskur, lampar og ljósatæki allskonar, skotfæri allskonar, eldspítur, litunarefni, peningaskápar.

2. gr.

Nú telur einhver vafa á hvort vara sú, sem hann vill flytja til landsins, falli undir ákvæði 1. gr., og getur hann þá leitað úrskurðar fjármálaráðuneytisins um það, og er það fullnaðarúrskurður sem og aðrir úrskurðir þess út af skilningi á ákvæðum reglugerðar þessarar.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 50.000.00 kr. Sömu hegningu varðar það ef sá, sem fengið hefir leyfi, brýtur skilyrði, sem gjaldeyrisnefnd kann að hafa sett fyrir veitingu leyfisins. Ennfremur er upptækur sá ágóði, er fæst við brot á reglugerð þessari eða skilyrðum gjaldeyrisnefndar fyrir leyfisveitingum.

4. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lög-reglumál.

5. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð um innflutning o. fl. frá 8. marz 1934.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 137
26. sept.

Bráðabirgðaákvæði.

Vörur þær sem komnar eru í skip í erlendum höfnum áleiðis hingað, þegar reglugerð þess öðlast gildi, má flytja inn á sama hátt og verið hefir.

Fjármálaráðuneytið, 26. september 1934.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

R E G L U G E R Ð

138

6. des.

um viðauka við reglugerð um innflutning o. fl. frá 26. sept. 1934.

Samkvæmt bráðabirgðalögum frá 8. marz 1934, um gjaldeyrisleyfi, innflutning o. fl., er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Aftan við 1. gr. í reglugerð um innflutning o. fl. frá 26. sept. 1934 bætist: X. flokkur.

Kaffi, brennt og óbrennt, sykur allskonar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Vörur þær, sem komnar eru í skip í erlendum höfnum áleiðis hingað, þegar reglugerð þessi öðlast gildi, má flytja inn á sama hátt og verið hefir.

Fjármálaráðuneytið, 6. desember 1934.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.